



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulspjöldgarðs - 172. fundur stjórnar Vatnajökulspjöldgarðs haldinn á fjarfundi, mánudaginn 23. maí 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurbings,
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótisdalshrepps,
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulspjöldgarðs,
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulspjöldgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, verkefnastjóri skjalamála og skrifstofuþjónustu.

Gestir:

Valbjörn Steingrímsson, sviðsstjóri fjármála og rekstrar,
Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mannauðsmála.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 108 - 2204002F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

2. Svæðisráð austursvæðis - 111 - 2204005F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

3. Svæðisráð norðursvæðis - 90 - 2205002F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

4. Svæðisráð vestursvæðis - 103 - 2205001F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

5. Ársreikningur - 2021 - 2205033

Fyrir fundinum var ársreikningur vegna ársins 2021 og skýringar.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjódgarðs - 13:30

Ársreikningur Vatnajökulspjódgarðs vegna rekstrar árið 2021 sýnir jákvæða niðurstöðu upp á 30.8 mkr. Þjóðgarðurinn hefur verið með jákvæða rekstrarniðurstöðu í fjögur ár. Rekstur þjóðgarðsins síðustu tvö árin hefur einkennst af miklum sveiflum sem komu aðallega til vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldurs sem og umbótum og styrkingu á skipulagi og innra starfi.

Stjórnendum og starfsmönnum Vatnajökulspjódgarðs ber að þakka sérstaklega fyrir þennan góða árangur sem byggist á faglegri vinnu og að gætt hefur verið aðhalds og ráðvendni í öllu starfi þjóðgarðsins.

6. Rekstur 2022 - 2201023

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um rekstur þjóðgarðsins frá janúar til og með apríl.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjódgarðs - 14:45

Fjármálastjóri Vatnajökulspjódgarðs kynnti stöðu mála fyrstu fjóra mánuði ársins en miðað við bókhald stofnunarinnar þá er rekstur í ágætu jafnvægi.

7. Ferli við auglýsingu fyrir skipun framkvæmdastjóra - 2205047

Fyrir fundinum lá tillaga að ferli fyrir auglýsingu.

Gestir

Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og fræðslumála - 14:00

Rætt um næstu skref. Stjórn veitir formanni umboð að semja við ráðningaskrifstofu um aðstoð við ferlið á grundvelli framlagðs tilboðs.

Ingibjörg Halldórsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

8. Sveitarfélagið Hornafjörður - Viljayfirlýsing um húsnæðismál á Höfn - 2202037

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála.

Í ljósi fyrirhugaðra færslu á aðsetri þjóðgarðsins og starfsstöð framkvæmdastjóra til Hafnar í Hornafirði leggur stjórn áherslu á að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið stuðli að því að tryggja þjóðgarðinum hentugt húsnæði og fjármagn vegna flutningsins og aukinnar starfsemi þjóðgarðsins á Höfn.

9. Tillögur um merki Vatnajökulspjódgarðs - 2203009

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála.

Stjórn telur allar framlagðar tillögur áhugaverðar og leggur áherslu á að sú vinna sem unnin hefur verið verði nýtt við áframhaldandi þróun fræðsluefnis og annarrar miðlunar þjóðgarðsins. Leggur stjórn til að sem fyrsta skref verði núverandi merki uppfært í samræmi við framlagða tillögu.

10. Fræðslusjóður Vatnajökulspjódgarðs - Verklagsregla - 2205025

Verklagsreglur fræðslusjóðs Vatnajökulspjódgarðs - til afgreiðslu.

Framlögð drög samþykkt.

11. Skipurit og stjórnskipulag Vatnajökulspjóðgarðs - 2004018

Fyrir fundinum lágu uppfærðar leiðbeiningar um stjórnskipulag og skipurit Vatnajökulspjóðgarðs - til kynningar.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og leggur áherslu á að vinnu við bættu stjórnhætti og skýrt verklag verði fram haldið.

12. Minjastofnun Íslands - Viljayfirlýsing um samstarf - 2204060

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um samstarf við Minjastofnun - til kynningar.

Stjórn fagnar gerð viljayfirlýsingarinnar og telur að miklir möguleikar felist í samstarfi stofnananna.

13. Staðfundir stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs - 2205039

Fyrir fundinum lágu drög að dagskrá staðfunda stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

14. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Staðgengill framkvæmdastjóra fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.